

	<i>Umhverfis- og auðlindaráðuneytið</i>	
	<i>M i n n i s b l a ð</i>	

Viðtakandi:	Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Sendandi:	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Dagsetning:	20.03.2015
Málsnúmer:	UMH14080072
Bréfalykill:	0012
Efni:	Um umsögn Skipulagsstofnunar um frumvarp til laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.

Á fundi umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis 12. mars sl. óskaði nefndin eftir því við umhverfis- og auðlindaráðuneytið að hún myndi bregðast sérstaklega við athugasemdum Skipulagsstofnunar, dags. 26. febrúar 2015, um frumvarp til laga um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum. Umsögn Skipulagsstofnunar skiptist í raun í þrjá kafla og er hér fyrir neðan fjallað um hvern og einn þeirra sérstaklega.

Tengsl landsáætlunar og verkefnaáætlunar við aðrar áætlanir.

Í umsögn Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin telji að það sé nauðsynlegt að í 3. gr. frumvarpsins komi fram ákvæði sem kveði á um að við gerð landsáætlunar verði tekið tillit til þess sem kemur fram í skipulagsáætlunum viðkomandi sveitarfélaga, þ.e. í aðal- og deiliskipulagi en einnig svæðisskipulagi þegar það liggur fyrir. Ráðuneytið bendir á að í athugasemdum við 7. gr. frumvarpsins kemur skýrt fram að geri sveitarfélög tillögu um ákveðin svæði sem falla eiga undir áætlunina þá er grundvallaratriði að þau svæði séu skilgreind sem slík í skipulagi viðkomandi sveitarfélaga. Jafnframt kemur fram í 4. mgr. 10. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010, að sveitarfélög skulu taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim og eftir því í sem við á samræma þær landsskipulagsstefnu innan fjögurra ára frá samþykkt þeirra. Í ljósi þessa telur ráðuneytið að tilvísun í greinagerð til landsskipulagsstefnu og annarra landnýtingaráætlana sé nægjanlegt og óþarfi sé að vísa sérstaklega til landsskipulagsstefnu í lagatextanum enda er ekki í lagatextanum vísað í neinar aðrar áætlanir ríkis- og sveitarfélaga.

Misvísandi upplýsingar um undirbúning innviða í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins.

Í umsögn Skipulagsstofnunar kemur fram að mismæli sé á milli frumvarpstextans og greinargerðar hvað varðar undirbúning framkvæmda, þá sérstaklega kostnað við gerð skipulagsáætlana. Ráðuneytið tekur fram að með frumvarpinu er ekki áætlunin að auka við kostnaðarhlutdeild ríkisins hvað garðar gerð skipulagsáætlana umfram það sem nú þegar er, heldur er gert ráð fyrir að um hana fari samkvæmt ákvæðum skipulagslaga. Í frumvarpinu er hins vegar vísað almennt til kostnaðar vegna undirbúnings/skipulags í ljósi þess að Framkvæmdasjóður ferðamannastaða hefur veitt styrki vegna skipulagsvinnu og telur ráðuneytið mikilvægt að slíkri kostnaðarþátttöku verði ekki hætt.

Umhverfismat áætlana.

Í umsögn Skipulagsstofnunar kemur fram að hún telji ljóst að landsáætlun falli undir lög um umhverfismat áætlana. Ráðuneytið tekur undir þá athugasemd stofnunarinnar og bendir á að ef til vill væri ráð að bæta inn slíku ákvæði, en fyrirmynd má meðal annars sjá í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 48/2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun.

Á fundi umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis 12. mars sl. óskaði nefndin eftir því við umhverfis- og auðlindaráðuneytið að hún myndi bregðast sérstaklega við athugasemdum Skipulagsstofnunar, dags. 26. febrúar 2015, um frumvarp til laga um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum. Umsögn Skipulagsstofnunar skiptist í raun í þrjá kafla og er hér fyrir neðan fjallað um hvern og einn þeirra sérstaklega.

Tengsl landsáætlunar og verkefnaáætlunar við aðrar áætlanir.

Í umsögn Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin telji að það sé nauðsynlegt að í 3. gr. frumvarpsins komi fram ákvæði sem kveði á um að við gerð landsáætlunar verði tekið tillit til þess sem kemur fram í skipulagsáætlunum viðkomandi sveitarfélaga, þ.e. í aðal- og deiliskipulagi en einnig svæðisskipulagi þegar það liggur fyrir. Ráðuneytið bendir á að í athugasemdum við 7. gr. frumvarpsins kemur skýrt fram að geri sveitarfélög tillögu um ákveðin svæði sem falla eiga undir áætlunina þá er grundvallaratriði að þau svæði séu skilgreind sem slík í skipulagi viðkomandi sveitarfélaga. Jafnframt kemur fram í 4. mgr. 10. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010, að sveitarfélög skulu taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim og eftir því í sem við á samræma þær landsskipulagsstefnu innan fjögurra ára frá samþykkt þeirra. Í ljósi þessa telur ráðuneytið að tilvísun í greinagerð til landsskipulagsstefnu og annarra landnýtingaráætlana sé nægjanlegt og óþarfi sé að vísa sérstaklega til landsskipulagsstefnu í lagatextanum enda er ekki í lagatextanum vísað í neinar aðrar áætlanir ríkis- og sveitarfélaga.

Misvísandi upplýsingar um undirbúning innviða í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins.

Í umsögn Skipulagsstofnunar kemur fram að mismæi sé á milli frumvarpstextans og greinargerðar hvað varðar undirbúning framkvæmda, þá sérstaklega kostnað við gerð skipulagsáætlana. Ráðuneytið tekur fram að með frumvarpinu er ekki áætlunin að auka við kostnaðarhlutdeild ríkisins hvað garðar gerð skipulagsáætlana umfram það sem nú þegar er, heldur er gert ráð fyrir að um hana fari samkvæmt ákvæðum skipulagslaga. Í frumvarpinu er hins vegar vísað almennt til kostnaðar vegna undirbúnings/skipulags í ljósi þess að Framkvæmdasjóður ferðamannastaða hefur veitt styrki vegna skipulagsvinnu og telur ráðuneytið mikilvægt að slíkri kostnaðarþátttöku verði ekki hætt.

Umhverfismat áætlana.

Í umsögn Skipulagsstofnunar kemur fram að hún telji ljóst að landsáætlun falli undir lög um umhverfismat áætlana. Ráðuneytið tekur undir þá athugasemd stofnunarinnar og bendir á að ef til vill væri ráð að bæta inn slíku ákvæði, en fyrirmynd má meðal annars sjá í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 48/2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun.